

Samningur um samstarf Lögregluembættanna á Suðurlandi og Austurlandi.

1. gr. Tilgangur samvinnu.

Tilgangur með samkomulaginu er eftirfarandi:

- Að styrkja og efla löggæslu á Suður- og Austurlandi, það er sérstaklega á milli Hafnar og Djúpavogs og auka öryggi lögreglumanna.
- Að bæta nýtingu fjármuna, sem Alþingi hefur varið til löggæslu í umdæmunum.
- Að tryggja eftir fremsta megni öryggi íbúa á svæðinu og annarra, sem búa, dvelja eða fara þar um.
- Eftir því sem efni standa til er stefnt að því
 - Að eiga samstarf um umferðarlöggæslu
 - Að eiga samstarf um leit og björgun.
 - Að eiga samstarf um rannsóknir sakamála
 - Að eiga samstarf um þjálfun/fræðslu.
- Annað samstarf sem hagkvæmt er skipulags- og fjárhagslega og/eða leiðir til skilvirkni og markvissari löggæslu á svæðinu.

2. gr. Áherslur.

Lögreglumenn á Höfn og Djúpavogi leitast sérstaklega við að auka samvinnu í umferðarmálum með það að markmiði að koma í veg fyrir umferðaróhöpp og slys

Hálfsárslega, í mars og október ár hvert, verða haldnir samstarfsfundir embættanna.


3. gr. Framtíðarsýn.

Að löggæslan á svæðinu með góðu samstarf verði ávallt eins og best verður á kosið.


4. gr. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og skal gilda til árs loka 2023. Ef hann hefur ekki verið endurskoðaður fyrir þann tíma gildir hann til árs í senn, þaðan í frá. Dómsmálaráðherra og Ríkislögreglustjóra verður kynntur samningur þessi að lokinni undirritun.

Djúpavogi, 29. júní 2022


Lögreglustjórinn á Suðurlandi




Lögreglustjórinn á Austurlandi

